


Opinn skógur



Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna og fyrirtækjanna Olís og Sjóvá Fjármögnunar. Markmiðið er að opna fjölmörg skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Einnig verður lögð áhersla á upplýsingar, þannig að gestir geti fræðst um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi þessara fyrirtækja skapast sóknarfæri fyrir skógræktarfélög og um leið opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

Athugið:
Farið með gát um eyjuna.
Hafið auga með börnum.



SJÓVÁ
FJÁRMÖGNUN



Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is



Hrótey

Skógræktarfélag A-Húnavetninga



Hrótey er sannkölluð skrautfjöður í hatti Blönduósbæjar. Eyjan er 11 ha, umlukin jökulánni Blöndu, og skartar hún fjölbreyttum gróðri en mest ber á trjágróðri og lyngmóum. Birki og stafafura eru áberandi en ýmsar aðrar trjategundir þrífast ágætlega. Fuglalíf er afar auðugt í eyinni. Hér eru góðir stigar, og rjóður með bekkjum og borðum. Stutt er til sjávar eftir göngustig meðfram ánni. Tjaldstæði eru skammt undan og stutt í fjölbreytta þjónustu sem Blönduósingar bjóða upp á. Hrótey var friðuð sem fólkvangur árið 1975. Svæðið er opið almenningi en fylgja ber reglum um umferð og afnot. Eyjan er friðuð fyrir allri umferð frá 20. apríl til 20. júní vegna varps fugla, einkum gæsa.

Skógræktarfélag A-Húnavetninga er öflugur félagsskapur áhugafólks um skógrækt og gróðurvernd í A-Húnavatnssýslu.

Velkomin í skóginn

Göngustígar

- ca. 350 m
- ca. 420 m
- ca. 1050 m
- ca. 220 m
- ca. 280 m

Þú ert hér

- Borð og bekkur
- Bílastæði
- Trjásafn
- Upplýsingar
- Útsýni
- Tjaldstæði

